

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

123. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 7. September kl. 15:30 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá.

1. Viðræður við skólastjóra tónlistarskóla.
2. Viðræður við skólastjóra grunnskóla.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir, skólastjóri tónlistarskóla fór yfir nemendafjölda. 100 nemendaígildi eru við nám á haustönn 2011. Enn eru að bætast við nemendur. Daníel Geir Sigurðsson er farinn til Svíþjóðar í áframhaldandi nám sem skiptinemi frá FÍH. Guðmundur Helgason og Sigrún Pétursdóttir hafa einnig látið af störfum við skólann og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Kristín Kristjánsdóttir hefur verið ráðin í 100% stöðu við skólann og Ólafur Rúnarsson í hlutastarf. Aðrir kennarar við skólann eru auk Elínborgar, Ólöf Pálsdóttir og Guðmundur Hólmar Jónsson. Elínborg kom þeirri ósk sinni á framfæri að tímatafla vegna íþrótta- og tómstunda sé tilbúin í byrjun ágúst, svo hægt sé að lágmarka tilfæringar á tónlistartímum í upphafi vetrar.
2. Sigurður Þór Ágústsson, skólastjóri grunnskóla er mættur til viðræðna við Fræðsluráð. Sigurður greindi frá breytingu á fyrirkomulagi vegna seinkunar skólabíla tvisvar sinnum í viku, það hefur gengið vel hingað til en fundur verður haldinn með starfsfólki skólans á morgun og staðan tekin á ný. Einnig verður boðið upp á hvíld fyrir yngstu börnin að skóla loknum og heimanámsaðstoð fyrir alla nemendur. Þetta nýja fyrirkomulag verður tilraunaverkefni í 6 vikur og endurskoðað að þeim tíma loknum. Sigurður greindi frá vinnu við stefnumörkun varðandi heimanám nemenda sem og námskrárgerð fyrir samfélagsfræði og náttúrufræði. Einnig var rætt um nýjar áherslur í námsmati og námskrám fyrir einstaka greinar. Verið er að meta þörf fyrir þroskajálfa í grunnskóla og leikskóla m.t.t. heildarhagsmuna. Farið verður yfir niðurstöðuna með nýráðnum fræðslu- og félagsmálastjóra þegar hún kemur til starfa 15. október n.k.
3. Önnur mál.
Sbr. Fundargerð 709 fundar byggðarráðs leggur byggðarráð áherslu á að koma á dreifnámi í Húnaþingi vestra í tengslum við Landshlutaáætlun Norðurlands vestra, Ísland 2020. Stefnt er að fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins og stjórnendum Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra nú á haustdögum vegna málsins.

Formaður greindi frá kynningarfundum sem haldinn var vegna Skólavogarinnar, sem er forrit sem skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra, og starfsfólks í grunnskólum, frammistöðu nemenda á samræmdum prófum ásamt framfarastuðli og ýmsum rekstrarupplýsingum. Kynningarbæklingur verður sendur til allra fulltrúa í fræðsluráði.

Kristín Ólöf Þórarinsdóttir situr fundinn sem fulltrúi starfsfólks grunnskóla og Erla Björg Kristinsdóttir situr fundinn fyrir hönd foreldra.

Fundargerð upplesin og samþykkt
Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Gísli G.Magnússon(sign.),
Bjarney Alda Benediktsdóttir (sign.),

Fundi slitið kl: 16:55
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Valdimar H. Gunnlaugsson(sign.).